

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Reyðarfjarðarhrepps nr. 97/1991.

1. gr.

58. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Hreppsráð*. Þrjú hreppsnefndarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar*. Tveir aðalmenn (hrepstjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrjú til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Aðalfundur Sambands sveitarfélaga Austurlandi*. Þrjú fulltrúar og jafnmargir til vara í samræmi við lög S.S.A.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum skal kosið í eftirtaldar fastanefndir:

1. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Þrjú kosnir af sveitarstjórn. Einn skal tilnefndur af helstu samtökum launafólks á Reyðarfirði. Einn skal tilnefndur af samtökum vinnuveitenda. Atvinnumálanefnd skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum. Jafnframt skal nefndin fara með verkefni stjórnar Atvinnumiðlunar skv. 9. gr. laga nr. 18/1985. Nefndin skal einnig vera sveitarstjórn til ráðuneytis í landbúnaðarmálum. Nefndin tilnefni einn nefndarmann sem búfjárefntirlitsmann skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald. Nefndin tilnefni einn nefndarmann sem úttektafmann í samræmi við 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976. Atvinnumálanefnd fer með mál er varða ferðamál og tengda starfsemi, s.s. málefni Andapolls. Atvinnumálanefnd er umsagnaraðili um umsóknir til Atvinnuþróunarsjóðs Reyðarfjarðar.
2. *Byggingar- og skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 og skipulagslögum nr. 19/1964. Nefndin fer með málefni umferðarnefndar skv. heimild í 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Nefndin fer með umhverfismál.
3. *Félagsmálaráð*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991, verkefni áfengisvararnefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. og 50. gr. laga nr. 40/1991, verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 28/1991. Öldrunarmál skv. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra. Einnig tómtundastarf aldraðra.
4. *Hafnarstjórn*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
5. *Heilbrigðisnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
7. *Skóla- og menningarmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla. Nefndin tilnefnir tvo úr sínum hópi í skólanefnd

tónskóla Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Nefndin tilnefnir einn úr sínum hópi í æskulýðs- og íþróttaráð. Nefndin fer með verkefni dagvistar- og leikskólanefndar skv. lögum nr. 48/1991 um leikskóla. Nefndin hefur umsjón með ritun sögu sveitarfélagsins sbr. samþykkt hreppsnefndar þar um. Nefndin fer með málefni bókasafns skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn.

8. *Veitunefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni rafveitu Reyðarfjarðar og vatnsveitu skv. lögum.

C. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum kys hreppsnefnd fulltrúa í eftirtaldar samstarfsnefndir:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Húsnæðisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þrír kosnir af hreppsnefnd og tveir tilnefndir af stærstu samtökum launafólks á Reyðarfirði. Nefndin fer einnig með verkefni húsaleigunefndar skv. lögum nr. 44/1979.
3. *Æskulýðs- og íþróttaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með íþróttamálefni í samræmi við samkomulag milli sveitarfélagsins annars vegar og Ungmennafélagsins Vals og skólanefndar hins vegar og tilfærna þessir aðilar sinn hvorn fulltrúann í nefndina, en hreppsnefnd kys þrjá nefndarmenn. Ráðið tilnefni þrjá úr sínum hópi sem fulltrúa í stjórn Skíðamiðstöðvar, en sú stjórn fer með málefni skíðasvæðisins í Oddsskarði í samræmi við samning milli eignaraðila svæðisins, þ.e. Reyðarfjarðarhrepps, Eskifjarðar og Neskaupstaðar. Ráðið fer með málefni félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarf unglunga í samvinnu við skóla, íþróttafélög, önnur félagsamtök og félagsmálaráð.
4. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Einn aðalmaður skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.

D. Til fjögurra ára. Tilnefning þingfulltrúa hjá samtökum sveitarfélaga:

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og annar til vara.

E. Aðrar starfsnefndir sem stofnaðar verða.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. maí 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.